



Skýrsla formanns Skógræktarfélags Selfoss fyrir árið 2004, lesin á aðalfundi félagsins þann 25. apríl 2005

52. starfsár Skógræktarfélags Selfoss var félaginu gjöfult og gróskumikið. Sumarið í fyrra var eins og við munum með afbrigðum veðursælt og nutu trén þess engu síður en við hin! Í ár voru áberandi sérlega langir árssprotar á stafafuru, og mældust upp í 80-90cm toppsprotar í Hellisskógi. Félagsmönnum fjölgaði nokkuð frá fyrra ári og þrátt fyrir að félagsgjaldið hafi verið hækkað upp í kr. 1000 í fyrra greiddu 123 félagsgjald, sem er 19 fleiri en árið áður. Samkvæmt félagaskrá eru nú 147 skráðir meðlimir í félaginu.

Á síðasta aðalfundi félagsins var þess getið og minnst að seint á árinu 2003 hafði félaginu verið tilkynnt að velgjörðamaður félagsins til margra ára, Júlíus J. Steingrímsson, hefði ánaðnað Skógræktarfélagi Selfoss eignum sínum að verðmæti tæplega 20 milljóna króna. Formleg afhending þess fjár fór fram á liðnu ári og verður án efa áberandi í bókhaldi félagsins sem kynnt verður hér á eftir. Í skýrslu formanns fyrir árið 2003 er Júlíusar minnst og hans mikla og ötula starfi fyrir félagið gerð skil. Ljóst er að þetta stórkostlega framlag Júlíusar til félagsins hefur, og mun, algjörlega breyta rekstrarumhverfi þess um ókomna framtíð og skapa skilyrði fyrir stórauknu starfi í félaginu. Nú nýverið fór stjórn félagsins í sérstaka vettvangsferð að lundi þeim við Grímskletta sem Júlíus góðursetti gjarnan upp á sitt einsdæmi. Stefnt er að því í sumar að koma fyrir minnisvarða með áletrun til minningar um Júlíus.

Eitt af helstu markmiðum félagsins er að efla áhuga og tengsl félagsins við börn og unglinga. Þetta hefur m.a. verið gert í gegnum grunnskólana í bænum ásamt vinnuskóla sveitarfélagsins. Síðastliðið sumar var því gert stóráttak í gróðursetningu í Hellisskógi með því að semja um framlag sveitarfélagsins í formi vinnu 15-16 ára unglinga vinnuskólans við gróðursetningu. Félagið keypti sérstaklega í gegnum Suðurlandsskóga 10.000 skógarplöntur, aðallega birki og greni til þessa átaks. Gróðursetningin fór fram 9-10 og 21-22 júní. Þá voru í annað sinn börnum í 5. bekk Vallarskóla afhentar 5 birkiplöntum hverjum til gróðursetningar á svæði því sem félagið hefur úthlutað skólanum á svokölluðu Stjánatúni. Gróðursetningin hefur verið unnin á starfsdögum skólanna í byrjun júní og hefur mælst vel fyrir. Flokkstjórar vinnuskólans hafa síðan aðstoðan skólafólkið við ýmis praktísk mál í tengslum við verefnið. Þá hefur hinn nýi Sunnulækjarskóli sýnt verkefninu sérstakan áhuga og aðstoðaði félagið skólana við að sækja um styrk í Yrku-sjóð vegna þessa verkefnis.

Að hefðbundnu sniði var síðan efnt til tveggja almennra vinnukvölda á vegum félagsins. Fyrri kvöldið var 14. júní þar sem mættu 10 einstaklingar og voru settar niður 840 greni og birki. 15. júní mættu einnig 10 og gróðursettu 660 stk. auk þess að grisjað var og hreinsað til í víðigróðri í trjásafni.

Deiliskipulag Hellisskógar var loksins samþykkt og afgreitt endanlega frá bæjarstjórn á árinu. Á seinni stigum skipulagsvinnunar var ákveðið að færa reiðleiðina í gegnum svæðið frá árbakkanum og upp fyrir Grímskletta. Munnlegt samkomulag/heimild hefur verið veitt ábúanda á Laugabökkum til að leggja umræddan stíg á sinn kostnað. Snemma á árinu 2004 var lagður u.þ.b. 125m langur vegur upp með Hellishólnum, utan við hinn eiginlega túnfót gamla bæjarins. Um verkefnið var einnig fjallað á síðasta aðalfundi. Einnig var leitað var eftir tilboðum/kostnaðaráætlunum fyrir minni stíga en ljóst er að um verulegan kostnað er að ræða ef fara á þá leiðina við uppbyggingu vega og stíga. Varðandi stíga- og vegagerð að öðru leyti hafa komið fram hugmyndir um breytingar á aðkomu svæðisins þannig að aðalaðkoma yrði við Stekkjarholt/ Einholt og vegur lagður þaðan beint yfir í hjarta svæðisins við hellishólinn. Í framhaldi af því mætti hugsa sér að loka mætti fyrir innkeyrslu frá íbúðarhverfinu í Ártúni en gera þar aðkomu og bílastæði þar sem miðað yrði við að gengið væri meðfram ánni. Bílaaðkoma að ánni yrði þó hugsanleg frá nýrri aðkomu og niður að á, t.d. fyrir veiðimenn. Það er ennþá markmið félagsins, og orðið mjög aðkallandi að fjölga og bæta stíga og vegi á svæðinu. Samt er æskilegt að finna til þess sérstakt fjármagn og hefur m.a. verið sótt um það sérstaklega til Pokasjóðs. Á skipulaginu er einnig gert ráð fyrir bílastæðum og stígatengingu við Biskupstungnabraut norðan við Helliskóg. Sótt hefur verið um þetta sérstaklega til Vegagerðarinnar en ekki borist formlegt svar, en á förnum vegi hefur umdæmisstjóri tjáð þeim sem hér les að Vegagerðin taki jákvætt í þetta og stefni að því að koma þarna upp lágmarks aðkomusvæði.

Í tengslum við vinnu við deiliskipulag hefur farið fram umfangsmikil en lögbundin skráning á fornleifum í landi Hellisskóga. Nú liggur fyrir viðamikil skýrsla þar sem tilgreindar eru alls 33 minjar af einhverju tagi. Minjarnar eða minjastaðir hafa einnig verið færðir inn á skipulagsgrunninn af svæðinu. Nú eftir áramótin var auglýst eftir umsóknum um styrki til Fornleifasjóðs og sótti félagið um vegna kostnaðar við gerð könnunarinnar. Eins og komið hefur fram þá gerðist það að félaginu var veittur styrkur upp á kr. 250.000,- sem dekkar beinan kostnað við verkið. Það hefur verið stefna stjórnarinnar að fornleifar og minjar verði eðlilegur hluta svæðisins og til þess fallið að styrkja útivistargildi þess. Því væri

verðugt verkefni að nota eitthvað af þessum styrk til að útbúa merkingar og gera minjar svæðisins aðgengilegar.

Varðandi starf félagsins að öðru leyti stendur hugur stjórnar félagsins til að efla félagið og blása nýju lífi í uppbygginguna í Hellisskógi. Vinnukvöld félagsins hafa á undanförunum árum verið frekar fámenn og starfið lagst á fáar hendur. Til að fjölga megi virkum félögum þarf að gera félagið sýnilegra og gera átak í kynningu þess. Sem lið í þeirri stefnu voru í fyrra skipulagðar tvær gönguferðir á vegum félagsins, sú fyrri í tengslum við "Vor í Árborg" og síðan haustferð þar sem m.a. var skyggast eftir áðurnefndum fornminjum í Hellsiskógi. Þótt ferðirnar hefðu mátt vera betur sóttar og veðrið aðeins betra þá voru þær ánægjulegar þeim sem þær sóttu og undir fróðlegri leiðsögn Arnar Óskarssonar er full ástæða til að halda þeim úti. Í jólamánuði s.l. voru útbúin jólakort með mynd úr Hellisskógi og sent öllum félagsmönnum sem mældist að sögn vel fyrir.

Ingilef Auðunsdóttir hefur boðað að hún sækist ekki eftir endurkjöri til stjórnar en hún hefur setið í stjórn og unnið ötult starf fyrir félagið um langt árabil og var m.a. formaður 2000 - 2003. Stjórnin þakkar Ingileif kærlega fyrir vel unnin störf en lítur jafnfram svo á að ekki sé um að ræða neina kveðjustund.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Selfoss,
Hemann Ólafsson, formaður